

AUGLÝSING

um

9
29. febr.

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir Patreksfjarðarkauptún.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Patreksfjarðarkauptún, sem hreppsnefndin hefir samið og samþykkt.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir

Patreksfjarðarkauptún.

I. *Almenn ákvæði.*

1. gr.

Samþykkt þessi hefir gildi fyrir Patreksfjarðarkauptún.

2. gr.

Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni: einn maður kosinn af hreppsnefndinni og annar, sem sýslunefnd tilnefnir af íbúum kaupþúnsins. Skulu þeir kosnir til þriggja ára, og kosning þeirra fara fram að afloknum hreppsnefndarkosningum.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fundi, þegar honum þykir þurfa, eða hinir tveir nefndarmenn óska þess — eða hjeraðslæknir — þó ekki sjaldnar en þrisvar á ári, í mars-, júní- og septembermánuði. Hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Rísi ágreiningur milli nefndarmanna, er rjett að skjóta málinu undir úrskurð hreppsnefndar.

Hjeraðslæknir á rjett á að sitja fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðum, en ekki atkvæðagreiðslu, nema hann sje nefndarmaður.

Ritfangakostnað skal greiða úr sveitarsjóði eftir reikningi.

9

29. febr.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gætur á að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka, eða láta rannsaka, alt það, er um ræðir í samþykkt þessari og þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almanna færi eða einstakra manna eign. Ef nokkur nefndarmaður, annar en formaður, krefst inngöngu í hús manna, skal hann hafa skriflegt umboð frá formanni nefndarinnar.

Heilbrigðisnefnd skal færa inn í fundarbók alt það, er hún finnur aðfinsluvert, samkvæmt þessari samþykkt. Jafnframt skal hún fyrirskipa hlutaðeigendum skriflega að bæta úr því, sem að er, og sjá um, að það verði gert. Skal það bókað í fundarbókina, þegar umbæturnar hafa átt sjer stað.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarbót, sem hefir kostnað í för með sjer, skal hún leggja málið fyrir hreppsnefnd og fara fram á, að fjeð sje veitt úr sveitarsjóði. Neiti hreppsnefnd slíkri fjárveitingu, er heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

6. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu, og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni, sem býr í húsinu, að vera húsráðandi. Skal húsráðandi gegna öllum þeim skyldum, með tilliti til húseignarinnar, sem annars hvíla á húseiganda, samkvæmt samþykkt þessari. Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd, hver sje húsráðandi. Ef þessu er ekki fylgt, hvílir ábyrgðin bæði á húseiganda og leigjendum, og getur nefndin þá haldið sig að hvorum sem hún vill, eða báðum.

II. Um íbúðarhús.

7. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, skulu vera svo gerð, að unt sje að halda þeim hreinum. Gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti einn í hverju herbergi, nema önnur loftræsting sje viðhöfð. Moldar-, aur- eða malargólf má ekki vera í nokkru íbúðarherbergi.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda húss, að ræstuð sjeu herbergi, ef þau eru svo óhrein, að nefndin telji húsbúum hættu búna af því.

8. gr.

Nú er íbúðarhús svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd telur heilsu manna hættu búna af íbúðinni, getur þá

nefndin bannað íbúðina. Skal hún tilkynna eiganda hússins bannið 9
skriflega og færa rök fyrir, og skal þá fólkið fara úr húsinu á tveggja 29. febr.
mánaða fresti frá tilkynningardegi, verði húsið ekki bætt á þeim tíma
svo nefndinni þyki viðunandi. Eigi hjeraðslæknir ekki sæti í nefndinni,
skal hún ætíð fá hann til að skoða hús, sem hún telur ekki íbúðar-
hæft, og fá umsögn hans um málið, áður en hún leggur íbúðarbann
á húsið.

9. gr.

Kjallara má ekki nota til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar.
Kjallara undir íbúðarhúsum skal verja því, að vatn standi í þeim
nokkurn tíma.

III. Um skóla.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða, eða láta skoða, öll skólahús, hvort
heldur eru opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti í byrjun
hvers skólaárs.

Hver sá, sem tekur 10 börn eða fleiri til kenslu, er skyldur að
tilkynna heilbrigðisnefnd og skólanefnd, hvar hann ætli að kenna.

11. gr.

Hver kenslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 3,5
rúmmetrar komi á hvert barn, að minsta kosti. Allir gluggar skulu
vera á hjörum. Gólf skal þvo á hverjum degi, en ekki sópa.

12. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður vör við í skóla nemanda eða kennara,
sem hafa næman sjúkdóm, þá skal hún tilkynna hjeraðslækni nöfn
og heimili þeirra, sem sjúkir eru. Ef heilbrigðisnefnd og lækni þykir
ástæðu til, má banna, að kennarinn eða nemandinn komi í skólann,
þangað til sóthættu er lokið.

IV. Um brauðgerðarhús.

13. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á öllum brauðgerðarhúsum
og skipa bökurum að þvo gólf, loft og vegg, hvenær sem óhreint er.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sem tæringu hafa
nje nokkurn annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á líkam-
anum. Deig má ekki hnoða með fótum. Öll tóbaksnautn er bönnuð í
bakarastofum, og enginn má sofa í stofunum.

V. *Um sölubúðir og samkomuhús.*

14. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eftirlit með sölubúðum og samkomuhúsum og sjá um, að þar sje ræstað og þvegið eins oft og hún telur þess þörf. Vilji hlutaðeigendur ekki sætta sig við fyrirmæli nefndarinnar, geta þeir leitað álits hjeraðslæknis, sem þá ræður úrslitum.

VI. *Um fráræslu.*

15. gr.

Eldhússkólþ og þvottaskólþ má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á að jarðvegurinn saurgist. Öllu skólþi skal veita í lokuðum, þjettum ræsum burtu frá húsunum, svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skólþræsi, hvort heldur á almanna-færi eða einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi geti stýflast í þeim renslí. Skólþtrog má ekki setja í samband við fráræslu, nema með vatnslás, sem heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi.

Undantekning frá ræslugerðinni má heilbrigðisnefnd gera, ef viðkomendur kjósa heldur að bera alt skólþ svo langt í burtu, sem nefndin telur hættulaust.

16. gr.

Ef skólþveita er gerð á opinberan kostnað, skulu þeir, sem hús eiga nærri veitunni, skyldir að gera skólþræsi, hver frá sínu húsi, út í þá veitu, og skulu þau ræsi ekki miður gerð en aðalveitan.

VII. *Um vatnsból.*

17. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum. Bannað er að láta í þau fara eða að þeim koma renslí úr skólþræsum, for-um, haugstæðum, salernum eða peningshúsum, má ekki láta í þau fara eða nærri þeim koma neinskonar saurindi, sorp, slor, eða hræ, og ekki þvo í þeim eða fast við þau, hvorki fatnað, fisk, ull nje neitt annað, er óhreinkað getur vatnið. Bannað er að leggja gólfmottur, poka eða húðir í bleyti í vatnsból, eða nærri þeim.

18. gr.

Brunn eða vatnsþró má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að millibilið sje 12 metrar, og á jafnsljettu eða undan brekku ekki nær en svo, að millibilið sje 100 metrar. Brunn eða vatnsþró má ekki gera nema í samráði við heilbrigðisnefnd. Hún

getur einnig bannað að taka vatn úr brunnum eða þróm og lækjum 9
um stundarsakir, ef hún telur vatnið óheilmæmt, og skipað fyrir um 29. febr.
að fylla brunna og vatnsþrær, sem ekki verður gert við.

19. gr.

Með vatnsveitum í kaupúninu skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit og sjá um, að vatnsþrær sjeu hreinsaðar nægilega, og umbúnaður um þær sje nægur og góður.

VIII. Um peningshús, hauga og forir.

20. gr.

Stórgripi, geittje, sauðfje eða hey má ekki hafa í mannahúsum.

21. gr.

Vilji einhver reisa peningshús eða gera for eða haughús, skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið. Skal hún þá gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara á eftir.

Ekkert peningshús, haughús eða for má setja nær vatnsbóli, íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 12 metrum (sbr. þó 18. gr. um vatnsból á jafnsljettu eða undan brekku).

Forir skulu gerðar úr grjóti og steinlími, svo að bæði botn og veggir sjeu vel vatnsheldir, og skulu þær vera lokaðar með nægilega sterkum hlerum. Forarveggir skulu ná að minsta kosti 0,5 metra upp úr jörðu. Opin haugstæði eru bönnuð.

22. gr.

Valdi peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykkt, miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarinnar greinar, en heimilt er þó viðkomanda að skjóta skipun nefndarinnar undir úrskurð hjeraðslæknis.

IX. Um salerni.

23. gr.

Hverju íbúðarhúsi skal fylgja sjerstakt salerni, er sett sje á þeim stað, sem heilbrigðisnefnd ákveður í hverju einstöku tilfelli. Gólf í salerni skal vera steinlímt eða úr hefluðum og plægðum borðum, og liggja gólfið hærra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan, er falli vel að setunni. Hafa má salerni innan húss í sjerstökum klefa, ef góður loftsúgur er í klefanum, og saurilátin tæmd daglega. Ef vatnsheld þró er hjá húsi, má hafa

9 salerni yfir henni, þannig útbúið, að saurindin fari jafnóðum í forina, 29. febr. en loftræsting skal þá vera góð í salerninu.

24. gr.

Í salernum skulu seta og gólf vera vel hrein, og saurilátin tæmd áður en þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja fyrir um, hvar láta megi saur úr salernum.

25. gr.

Ef engin salerni fylgja húsum þeim, sem eldri eru en þessi samþykkt, eða þau eru illa gerð og óþrifaleg, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir geri salerni samkvæmt 23. gr.

Heimilt er heilbrigðisnefnd að láta byggja salerni til almenningsafnota. Kostnaður við byggingu þeirra og hirðingu greiðist úr sveitarsjóði.

X. Um sorp og önnur óhreinindi.

26. gr.

Sorpgryfjur má ekki hafa nær íbúðarhúsum, vatnsbólum eða alfaravegi en nemi 12 metrum, og skal frá þeim gengið eins og heilbrigðisnefnd fyrirskipar. Annars skal flytja alt sorp burtu daglega á þann stað, er heilbrigðisnefnd ákveður. Sorphaugar eru bannaðir.

27. gr.

Það er skylda sjómanna að flytja alt slor og fiskúrgang samdægurs á sjó út, ekki skemur en 200 faðma undan fjöruborði, nema því sje safnað í gryfjur með ráði heilbrigðisnefndar, borið á tún eða hagnýtt á annan hátt, og sje þá einnig gert samdægurs. Öll fjara eða aðgerðarstöðvar, fiskreitir og áhöld öll, sem notuð eru við aðgerð eða þvott á fiski, skulu hreinsuð í hvert sinn, er þau hafa verið notuð.

Þegar lóðir eru stokkaðar upp eða beittar, skal þess vandlega gætt, að öllu rusli af lóðunum og beituúrgangi sje safnað saman í ílát og flutt burtu jafnóðum, með slorinu. Sama gildir um skeljar utan af skelfiski, sem hafður er til beitu.

Formenn og bátaeigendur bera ábyrgð á, að ákvæðum þessarar greinar sje hlýtt.

28. gr.

Ef óhreinindi safnast fyrir, svo að fýlu leggur af, eða daunílt rensli fer út á alfaraveg eða inn á land þeirra, er næstir búa, getur heilbrigðisnefnd skipað þeim, er óþrifnaðinum veldur, að flytja óhreinindin burtu tafarlaust.

29. gr.

9

Hver sá iðnaður, sem óþrifnaður eða óhollusta fylgir, svo sem 29. febr. lýsisbræðsla, sútun, fiskþvottur o. fl., skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar, að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

XI. *Um slátrun.*

30. gr.

Skepnur má ekki slátra á eða við götu eða öðru almanna-
færi, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal
þess vandlega gætt, að skepnur geti ekki sjeð blóðvöllinn.

Þegar slátrun er lokið, skal þrifa til á blóðvellingum og hann
hreinsaður, alt flutt burt af honum, sem til óþrifnaðar er, og gengið
frá því svo, að hvergi valdi óþrifnaði.

Þess skal vandlega gætt, að hundar komi aldrei nálægt slátrun.
Sulli og þess háttar skal brenna.

Búfje skal deytt á löglegan hátt.

XII. *Um matvöru.*

31. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á, að ekki sje höfð á boðstólum mat-
vara, innlend eða útlend, sem svikin er, skemd eða skaðleg heilsu
manna. Skal nefndinni heimilt að kaupa sýnishorn af hverri matvöru,
sem hún telur líkur til að sje skemd eða svikin, og láta rannsaka hana
á kostnað sveitarsjóðs. Leiði sú rannsókn í ljós, að varan sje skemd
eða skaðleg, skal banna seljanda að hafa hana á boðstólum.

XIII. *Um mjólkursölu.*

32. gr.

Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, og getur
nefndin bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef þar gengur næmur
sjúkdómur, eða ef ástæða er til að ætla — eða vissa fyrir — að
kýrnar sjeu veikar. Nefndin getur og bannað mjólkursölu, ef óþrifa-
lega er farið með mjólkina.

XIV. *Um næma sjúkdóma.*

33. gr.

Þegar lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúk-
dómum, skal heilbrigðisnefnd aðstoða hjeraðslækni við sóttvörnina.

9
29. febr. Ef upp kemur alvarlegur og næmur sjúkdómur á svæði því, sem samþykkt þessi nær yfir, eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt, í samráði við hjeraðslækni, að setja um stundarsakir strangari fyrirsmæli en í samþykktinni felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. fl.

XV. Um kirkjugarða.

34. gr.

Verði kirkjugarður kaupsins stækkaður eða nýr gerður, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað, að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er raklent, svo að vatn komi ekki nokkurn tíma upp í grafirnar.

Vatnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku en nemi 100 metrum.

XVI. Um sektir.

35. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja á settum fresti nokkura þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur henni samkvæmt, þá varðar það sektum alt að 200 króna, er renna í sveitarsjóð. Kjósi heilbrigðisnefnd heldur að láta vinna verk það, sem vanrækt hefir verið, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en taka hann síðan lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. apríl 1928.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. febrúar 1928.

Jónas Jónsson.

Sigfús M. Johnsen.